

## Danska 9. bekkur 2019-2020

Nemendur í 9. bekk fá kennslu í 160 mínútur á viku í dönsku. Markmið dönskukennslunnar er að nemendur kynnist og fái áhuga á danskri tungu og menningu, og um leið tengingu dönskunnar við íslenskt mál, önnur norræn tungumál og ensku.

Kennslan á að vera fjölbreytt, um leið og unnið er að sterkum grunni í tungumálinu. Nemendur læra hver fyrir sig, í samvinnu, þörum eða hópum. Kennari Steinar Tómasson

Unnið verður með mismunandi texta; úr kennslubókum, blöðum og af netinu. Notast verður við danska tónlist og kvikmyndir, lesskilningsverkefni og smásögur.

Kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í dönsku. Á blaðsíðum 122-138 í 20. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um erlend tungumál, - má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir- sjá:

<https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

## Námsgögn

Smil lesbók og vinnubók. Léttlestrarbækur, tímarit, málfræðiheftið Grammatik 1. Ýmisleg verkefni sem finna má t.d. á Skólavefnum, Námsgagnastofnun og fleiri stöðum þar sem dönskuverkefni er að finna. Þá verður talsvert unnið með danskar kvikmyndir.

## Námsmat

Við lok hvernar annar fá nemendur námið metið. Námsmatið fer fram með prófum, kynningum á verkefnum, verkefnaskilum, skilum á heimavinnu og mati kennara.